

## GJALDSKRÁ

### vegna hundahalds í Þórshafnarhreppi á árinu 1993.

#### 1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Þórshafnarhreppi, sbr. 2. gr. c staflíð samþykktar frá 15. maí 1991 skal vera kr. 5 700,00 á árinu 1993. Gjaldið greiðist fyrir fram á gjalddaga 1. júní 1993. Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

#### 2. gr.

Handsömunargjald skv. 3. gr. samþykktar frá 15. maí 1991 skal vera kr. 2 350 í fyrsta skipti, kr. 4 700 í annað skipti og kr. 7 050 í þriðja skipti.

#### 3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Þórshafnarhrepps skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með með ofangreindum gildistíma.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. mars 1993.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

Sólveig Guðmundsdóttir.

Nr. 146

## REIKNINGUR

### Tryggingasjóðs viðskiptabanka fyrir árið 1992.

#### Rekstrarreikningur 1. janúar – 31. desember 1992.

#### Tekjur:

Árgjöld viðskiptabanka . . . . .	117 997 405
Verðbætur og vextir af verðbréfum . . . . .	118 240 251
Vaxtatekjur af bankainnstæðum . . . . .	46 837
	Tekjur alls 236 284 493

#### Gjöld:

Stjórnarlaun . . . . .	1 381 553
Annar rekstrarkostnaður . . . . .	200 000
Verðbreytingagjöld . . . . .	16 812 053
	Gjöld alls 18 812 053

Hreinar tekjur 217 890 887